

Borgarráð

Áætlaðar tímasetningar vegna ársuppgjörs vegna ársins 2016

Hjálagt eru áætlaðar tímasetningar varðandi undirbúning og afgreiðslu ársreiknings vegna ársins 2016.

Ársreikningur A-hluta og samstæðu Reykjavíkurborgar

- Kynntur endurskoðunarnefnd 3. apríl 2017
- Lagður fyrir borgarráð 6. apríl 2017
Ársreikningur Reykjavíkurborgar lagður fram og kynntur í borgarráði að viðstöddum formanni endurskoðunarnefndar og ytri endurskoðendum. Borgarráð fær bréf endurskoðunarnefndar þar sem það verður væntanlega staðfest að reikningurinn sé tilbúinn til endurskoðunar og liggur þá fyrir borgarráði að vísa reikningnum í þann farveg
- Endurskoðunarskýrsla ytri endurskoðenda KPMG lögð fram í borgarráði 27. apríl 2017
Endurskoðunarskýrsla ytri endurskoðenda KPMG lögð fram í borgarráði og munu endurskoðendur mæta á fundinn og kynna skýrsluna. Þar sem birta ber ársreikning sveitarfélags eigi síðar en 30. apríl er eðlilegast að borgarráð vísi á þessum fundi ársreikningnum til fyrri umræðu í borgarstjórn og til opinberrar birtingar (í kauphöll). Væri þar með aflétt trúnaði um ársreikninginn á þeim degi. Til tals kom á fundinum með ytri endurskoðendum að þennan fund með borgarráði mætti nota sem kynningarfund fyrir alla borgarfulltrúa þar sem aðeins ein vika líður á milli borgarstjórnarfunda um ársreikninginn.
- Ársreikningur lagður fram í borgarstjórn til fyrri umræðu 2. maí 2017
- Ársreikningur afgreiddur eftir seinni umræðu í borgarstjórn 9. maí 2017.

Birgir Björn Sigurjónsson,
fjármálastjóri